

## Ferðalag um Vestfirði

Dagana 3.-7. Júní síðastliðinn smelltu tveir ráðunautar Rml, þau Sigurður Jarlsson og undirrituð, Sigríður Ólafsdóttir, sér í ferðalag til að kynna nýjan hlunnindaráðunaut fyrir æðarbændum Vestfjarða.

Ferðalagið hófst á Hólmavík en þar hittumst við Siggi og Sigga og héldum þaðan sameinuð í bíl. Frá Hólmavík lá leiðin út á Snæfjallaströnd en til Æðeyjar var siglt frá Tyrðilmýri. Á þeirri ferð komst ég að því að Snæfjallaströnd ber fyllilega

nafn með rentu. Þar sem ég er landkrabbi mikill átti ég í töluverðri baráttu við sjálfa mig áður en lagt var í að halda út á opið haf en Siggi kom aftur fyrir eins og alvanur sjómaður. Sjóferðin gekk vel fyrir utan vott af sjóriðu hjá undirritaðri og var skemmtilegt að sjá varpið í Æðey, sem er með þeim stærri á landinu. Þegar komið var heim frá Æðey var tekið stutt stopp í Skjaldfannardal til að meta kal, en tún litu þar frekar illa út. Næst lá



leiðin út Ísafjarðardjúp að vestanverðu þar sem komið var við á bæjunum Þernuvík og Hvítanesi. Í Þernuvík er manngert varp en bændurnir þar ólu unga til að laða að fuglinn. Gekk það með ágætum og nú 20 árum síðar lítur varpið ljómandi vel út. Þar fengum við meðal annars að heyra sögu af æðarkollu sem verpir aldrei í sama hreiðrið en oft hefur verið talið að kollur velji sér almennt sama hreiðurstæði ár eftir ár. Frá Hvítanesi var siglt til Vigur og var ég þá orðin aðeins sjóaðri en í Æðeyjarferðinni, sat keik í stafni og naut lífsins. Í Vigur er sannkallað ferðamannavarp en mikið af



ferðafólki siglir til eyjarinnar og nýtur skipulagðrar leiðsagnar um varpið. Þetta þykir hafa heppnast afar vel og virðist fuglinn fljótur að venjast friðsömum ferðalöngum af þessu tagi, flestar kollurnar sitja sem fastast á eggjum við umgang og láta í mesta lagi svo lítið að urra svolítið að aðkomufólki ef það kemur of nálægt. Þegar heim frá Vigur var komið ókum við sem leið lá til Ísafjarðar og skoðuðum varpið á Ísafjarðarflugvelli en fuglinn virðist ekki kippa sér mikið upp við járnfuglana stóru sem þar lenda og taka á loft.

Daginn eftir var farið til Bolungavíkur og síðan að Botni í Súgandafirði. Þar áttu bændur við það vandamál að stríða að bæði minkur og tófa höfðu komist í varpið sem hafði sett töluvert strik í reikninginn. Ég hafði aldrei komið til Vestfjarða áður og þar með aldrei í Súgandafjörð, og samkvæmt ferðafélaga mínum hafði ég nokkrum sinnum á orði hvað hann er ákaflega mjór. Næst lá leiðin yfir í Önundarfjörð en þar voru meðal annars heimsóttir bæirnir Tannanes og Innri Hjarðardalur. Í

Tannanesi er afar virðulegt skothús með turni sem ég mæli með að allir æðarbændur kynni sér. Í Innri Hjarðardal var svo staðsett skothús á hjólum sem mér fannst ákaflega sniðug hugmynd, en í Önundarfirði glíma menn við bæði tófu og mink sem gera usla í æðarvörpum, eins og reyndar á flestum stöðum þar sem varpið er landfast. Í Tannanesi hittum við æðarkóng af athyglissjúkara taginu en um leið og kóngur varpsins sá myndavélina mína kom hann hlaupandi á harðaspretti, dillaði sér, dansaði og sýndi sig af miklum móð í nokkra stund áður en hann lallaði í burtu aftur.



Í Dýrafirði fórum við í heimsókn að Læk og Mýrum en þar eru haldnir sameiginlegir herráðsfundir á morgnana eftir næturvakt og leyfist engum að koma þar inn nema hafandi með sér stöku sem samin hefur verið um nóttina. Afar skemmtileg hefð það.

Þriðja daginn fórum við yfir í Arnarfjörð. Á Auðkúlu hitti ég fyrir annan æðarkóng en sá var ekki eins hrifinn af athyglinni, kúrði sig niður og lét sem minnst fyrir sér fara. Á leið frá Auðkúlu komum við á Hrafnseyri Jóns forseta, svona rétt svo ég gæti tekið mynd af bænum. Leið lá næst til Bíldudals, með viðkomu á nokkrum stöðum, og þaðan út í Ketildali. Þar sat ég svo agndofa yfir skeljasandsfjörðunum að ég hafði ekki einu sinni tíma til að vera bílhrædd á malarvegum. Þegar búið var að heimsækja



Ketildali okum við yfir í Tálknafjörð að Sveinseyri en þar er varpið þannig upp byggt að komið hefur verið fyrir ýmiskonar hýbýlum fyrir kollurnar s.s. dekkjum, hlöðnum steinhúsum, tréhúsum og fleiru. Virðast kollurnar láta sér þetta vel líka þar sem hús þessi voru mjög þaulsetin. Á Hlaðseyri við Patreksfjörð er manngert varp þar sem ein kolla var flutt þangað fyrir þónokkrum árum síðan og hefur varpið aukist jafnt og þétt síðan. Þar er útvarp haft í gangi allan sólarhringinn í varpinu

til að fæla varginn frá og virðist gefast nokkuð vel. Þennan dag var sömuleiðis farið niður á Rauðasand og er ég ekki viss um að ég vildi keyra þann veg í hálku. Um kvöldið, eftir heimsókn í Örlygshöfn, var gist í Breiðuvík en þar hafði flætt yfir hluta af varpinu í vatnavöxtum þeim er voru þessa vikuna.

Fjórða daginn keyrðum við yfir á Barðaströnd, þaðan yfir að Reykhólum og heimsóttum nokkra mæta bændur sem eru mest með vörpin sín úti í eyjum á Breiðafirði. Á þessari leið rákumst við á örn sem lenti í því að smyrill réðst á hann og hrakti í burtu. Mér fannst þetta frekar neyðarlegt fyrir grey örninn að þurfa að lúta í lægra haldi fyrir pínulitlum smyrli! Að auki fórum við á hlunnindasafnið á Reykhólum sem er mjög skemmtilegt að koma í og skoðuðum dúnhreinsunina á Stað sem var skemmtilegt að sjá.

Fimmta og síðasta daginn lá leiðin út í Breiðafjarðareyjar og hefðum við ekki getað verið heppnari með veður en fjörðurinn tók við okkur spegilsléttur og brosandí. Fyrst fórum við út í Hvallátur en þar hefur mikil uppbygging átt sér og er þar meðal annars til staðar afar snyrtilegt og gott

dúnþurrkunarsvæði. Næst sigldum við yfir í Sviðnur, fengum að heyra nokkrar þjóðsögur í leiðinni, og þaðan yfir í Skáleyjar. Á öllum þessum stöðum eru margar eyjar og hólmar sem fuglarnir verpa í og er farið á litlum bát á milli til að tína dún. Þegar heimsókn í Skáleyjar var lokið sigldum við undir kvöld yfir í Svefneyjar og hittum heimafólk þar áður en haldið var í land aftur. Að þessu ferðalagi loknu lá leiðin aftur yfir á Hólmavík þar sem hringnum var lokað og við Siggí héldum aftur til okkar heima, ánægð eftir skemmtilega ferð.



Marga fleiri bæi komum við á en þá er ég hef nefnt hér að ofan og yrðu þær líklega efni í heila bók sögunnar sem ég heyrði á ferðalaginu ef teknar yrðu saman, en ég læt hér staðar numið við frásögnina af þessari heimsókn, þakka kærlega fyrir mig og hlakka til að hitta fleiri æðarbændur um land allt.

Sigríður Ólafsdóttir, hlunnindaráðunautur